

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



13. mars 2018

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 104. mál á 149. löggjafarþingi

*Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013
(lækkun gjalds, brottfall laga)*

Hagsmunasamtök heimilanna hafa ávallt verið hlynnt afnámi stimpilgjalda af viðskiptum einstaklinga með íbúðarhúsnæði til eigin nota. Ákveðið skref í þessa átt náðist með setningu núgildandi laga um stimpilgjald nr. 138/2013 sem gerðu lánaskjöl stimpilgjaldsfrjáls og drógu þannig úr hindrunum fyrir hreyfanleika neytenda á fjármálamarkaði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stimpilgjald af öllum gjaldskyldum skjölum lækki um helming og að stimpilgjöld verði með öllu afnumin 1. janúar 2020 með brottfalli laga um stimpilgjald. Þær tillögur hafa talsvert víðara umfang en áherslur Hagsmunasamtakanna sem hafa hingað til afmarkast við íbúðarhúsnæði. Í því sambandi vísast til umsagnar samtakanna um fyrirliggjandi frumvarp um afnám stimpilgjalds vegna kaupa einstaklings á íbúðarhúsnæði (þskj. 88 - 88. mál 149. löggj.).

Yrði frumvarp það sem hér um ræðir að lögum er ljóst að þar með yrði ofangreindum markmiðum samtakanna einnig náð í þeirri svipan, ásamt því að öll önnur stimpilgjöld féllu niður. Hvort rétt sé að ganga svo langt fellur utan málefnasviðs samtakanna, en að því sögðu myndu samtökin ekki leggjast gegn slíkri breytingu að því leyti sem hún yrði neytendum til gagns.

- o -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is